

**Nd.**

## **609. Frumvarp til laga**

um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

(Eftir eina umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 38 með þessum breytingum:

Síðasta málsgr. 33. gr. hljóðar svo:

Þeim, sem tekið höfðu hið meira vélstjórapróf við vélstjóraskólann í Reykjavík, áður en rafmagnsdeildin var sett við hann, og komnir eru í starf á skipi í sérfræðigrein sinni, áður en lög þessi öðlast gildi, veitir próf þeirra sömu réttindi og hið mesta vélstjórapróf samkvæmt lögum þessum, að rafmagnsfræði meðtalinni.

59. gr. hljóðar svo:

Þeir, sem tekið hafa smáskipapróf samkv. lögum nr. 40 19. júní 1922 og siglt sem skipstjórar á skipum yfir 15 rúmllestir í 5 ár, miðað við gildistöku þessara laga, geta fengið skirteini það, sem ræðir um í 5. gr., ef þeir sanna með vottorðum tveggja valinkunnra skipstjóra eða sjódómsmanna, er lögreglustjóri tilnefnir, að þeim hafi á umræddu skipstjórartímabili aldrei hlekkzt á vegna vankunnáttu þeirra eða hirðuleysis, og farið að öðru leyti skipstjórn vel úr hendi.